

GUÐRÚN BJÖRK GUÐSTEINSDÓTTIR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Þýðing, sköpun, aðlögun? Smásagan „Guest“ í *The Axe's Edge* eftir Kristjönu Gunnars

1. Skrifað á mörkunum

Kristjana Gunnars er póstmóðernískur höfundur sem er ekki þekktur sem skyldi meðal Íslendinga sökum þess að hún hefur skrifað á ensku allan sinn rithöfundarferil og engin af fjölmörgum bókum hennar hefur verið þýdd í heild sinni á íslensku. Faðir hennar, Gunnar Böðvarsson, var frumkvöðull í jarðvarmafræðum hér á landi og kenndi við Háskóla Íslands, en dönsk móðir hennar, Tove Christensen Bodvarsson, var veflistakona. Þegar Kristjana var sextán ára hlaut Gunnar prófessorsstöðu við ríkisháskólann í Oregon og fjölskyldan flutti þangað. Lengstan hluta ævinnar hefur Kristjana þó búið og starfað í vesturfylkjum Kanada, nú sem listamaður í Bresku Kólumbíu (BC) eftir að hafa verið prófessor í skapandi skrifum við Albertaháskóla í Edmonton um árabil – en ferill hennar á ritvellingum hófst af fullum krafti árin 1980–1981 þegar hún vann sem aðstoðarritstjóri *Iceland Review* en hóf síðan framhaldsnám við Háskólann í Winnipeg. Á sama tíma gaf hún út fjórar bækur vestanhafs: *One-Eyed Moon Maps*, *Settlement Poems I* og *Settlement Poems II* árið 1980 og *Wake-Pick Poems* árið 1981.

Kristjana er virtur, fjölhæfur og mikilvirkur höfundur, sem hefur hlotið margvíslega viðurkenningu fyrir frumleg og grípandi verk. Auk stakra ljóða, smásagna og fræðilegra greina um bókmenntir, bókmenntaritun og þýðingar sem hafa birst í tímaritum og safnritum hefur hún gefið út um 20 bækur.¹ Of langt mál yrði að telja upp

¹ Sjá yfirlit Monique Tschofen um feril Kristjönu, „Critical Bibliography“, í greinasafninu *Kristjana Gunnars. Essays on Her Work*, ritstj. Monique Tschofen, Toronto, Buffalo,

þau verðlaun og tilnefningar sem hún hefur hlotið en einna mesta athygli vöktu skáldsagan *The Prowler: A Novel* (1989) og endurminningabókin *Zero Hour* (1991).² Nýjustu bækur hennar eru greinasafnið *Stranger at the Door. Writers and the Act of Writing* (2004) og smásagnasafnið *Any Day But This* (2004).

Fyrstu bækur Kristjönu voru ljóðabækur en það er einkenni fyrir allt höfundarverk hennar að torvelt er að beita einhverju einu formgerðarhugtaki á einstök verk því að þau eru yfirleitt það sem kalla mætti „blendingur“, til skýringar á enska hugtakinu *hybrid* (sem vísaði upphaflega til kynblöndunar). Í verkum sínum hefur hún jafnan unnið úr samtímalegri fræðiumræðu og gagnrýni sem hún skoðar að meira eða minna leyti í ((sjálfs)ævi)sögulegu ljósi. Ljóðabækurnar og prósaverkin bera að auki sameiginleg einkenni því mál- og myndbygging er jafnan ljóðræn (einnig í prósaverkum) en um leið svipar brotakerndri heildarbyggingu verkanna annaðhvort til samfelldrar skáldsögu eða samtengdra smásagna (einnig í ljóðabálkum). Allt fer það eftir efniviði hvar Kristjana leggur áherslur í formgerð, efnistöfum og framsetningu, en iðulega gegnir bygging verka hennar táknrænu hlutverki. Í ritgerðasafni um verk Kristjönu frá árinu 2004 nefnir Monique Tschofen að gagnrýnendur bendi oft á að Kristjana geri víðreist um lendur hinna ólíkustu formgerða í einum og sama textanum; hún skeyti saman harmakvæðum og ljóðrænum kveðskap, rómönnum og leynilögreglusögum, fræðilegum og skapandi skrifum sem og sjálfsævisögulegum áherslum á sjálfíð (e. *the self*) og bókfræðilegum áherslum á hið ókunna eða annkannalega (e. *the other*) og því hafi verk hennar alltaf verið blendingar.³

Chicago, Lancaster (Bretlandi): Guernica, 2004, bls. 223–237. Yfirlitið, ásamt öðrum upplýsingum og greinum um Kristjönu og verk hennar, er einnig aðgengilegt á slóðinni <http://www2.athabasca.ca/cll/writers/english/writers/kgunnars/kgunnars.php>.

² Í „Critical Bibliography“ nefnir Monique Tschofen til dæmis að *The Prowler* var verðlaunuð sem bók ársins 1989 í Manitoba en þýðing Anne Malena á henni á frönsku, *La maraude: roman*, var tilnefnd til Landstjóraverðlaunanna, virtustu bókmenntaverðlaun Kanada, fyrir árið 1995. *Zero Hour* var tilnefnd til Landstjóraverðlaunanna fyrir árið 1991 (bls. 237). Auk frönsku og smáræðis á íslensku hafa verk hennar m.a. verið þýdd á spænsku og kínversku (bls. 223–224).

³ Sjá bókarkafna Monique Tschofen, „With a Ruse of Heart and Language“. *Movements of Thought in Gunnars's Writing*, *Kristjana Gunnars. Essays on Her Work*, bls. 190–222, hér bls. 192.

Tilraunastarfsemi sem endurskoðar og reynir á þensluþol frásagnaraðferða, viðtekinn hugmynda um sannleikann, sögulegan skilning og áreiðanleika, og höfundinn sem uppsprettu þess sem er frumlegt, einstakt og ósvikið er meðal helstu einkenna póstmódernískra verka, en þau riðla iðulega hefðbundnum mörkum á milli há- og lágmennningar, jaðars og miðju, og slá eign sinni á verk sem teljast meðal helgidóma bókmenntastofnunarinnar.⁴ Þessir þættir lýsa vel verkum Kristjönu. Áleitin stef í bókum hennar eru áhrif, eðli og innbyrðis tengsl farandlífs (e. *migrancy*), útleigðar og skáldskapar en endurskoðun á hugmyndakerfum og afleiðingum heimsvaldastefnunnar var ákaflega virk í vestrænum fræðaheimi á þeim tíma sem Kristjana steig fram sem rithöfundur. Hún tók ríkan þátt í þeirri endurskoðun, ekki síst með vangaveltum um hliðstæður á milli undirokunar nýlenduþegna annars vegar og kvenna hins vegar, og hvernig hlutverkaskipan kúgarans og þess kúgaða fara eftir aðstæðum og geta auðveldlega víxlast. Auk þess var henni hugleikið hvernig beita mætti tungumálinu án þess að hefta, kúga eða gera lítið úr viðfangsefnum (málefnum, hugmyndum, félags- eða menningarhópum) sem maður aðhyllist ekki eða tilheyrir ekki sjálfur (e. *the other*). Kristjana beitir m.ö.o. þeirri gerð af orðræðu sem Mikhaíl M. Bakhtín sýndi fram á að sprytti skýrast fram og tækist á við, riðlaði og endurnýjaði rikjandi rithefðir og hugmyndakerfi þegar þau væru orðin einsleit og steinrunnin, enda eru margar grunnhugmyndir í eftirlendufræðum (e. *postcolonialism*) runnar frá greiningu hans á áhrifum og birtingarmyndum samræðu- og hláturhefðarinnar.⁵

Í smásagnasafninu *The Axe's Edge* (Axaregginn, 1983)⁶ má glögglega sjá hvernig Kristjana Gunnars vinnur á þeim margslungnu mörkum sem oft eru kennd við þriðja aflið, eða „þriðja

⁴ Sjá Alex Murray, „Postmodern Fiction“ í *The English Literature Companion*, ritstj. Julian Wolfreys, Palgrave Macmillan, 2011, bls. 198–202. Sjá einnig úttekt Lindu Hutcheon á markmiðum og leiðum póstmódernisma í *The Politics of Postmodernism*, London, N.Y.: Routledge, 1989.

⁵ Sjá t.d. greinar Bakhtíns og inngang Holquists í *The Dialogic Imagination. Four Essays*, ritstj. Michael Holquist, þýð. Caryl Emerson og Michael Holquist, Austin: University of Texas Press, 1981. Sjá einnig skilgreininguna „alterity“ bls. 11–12 og „hybridity“ bls. 118–121 í bókinni *Key Concepts in Post-Colonial Studies* eftir Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, London, New York: Routledge, 1998.

⁶ Kristjana Gunnars, *The Axe's Edge*, Toronto: Press Porcépic, 1983. Allar þýðingar úr ensku eru eftir greinarhöfund.

textann“ eins og Ástráður Eysteinnsson nefnir þá „málamiðlun“ sem myndast í þýðingum á milli tungumála í bók sinni *Tvímælum* (1996).⁷ Ef myndmáli Kristjönu er beitt, þá er þetta snertiflöturinn sem sameinar, tengir eða dregur dóm af andstæðum sem mætast og takast á, og kemur því í veg fyrir að vitundin kloffni á axaregg tvíhyggjunnar. Safnið samanstendur af samtengdum smásögum þar sem sú fyrsta virðist gerast á Íslandi, eins og sú síðasta, en þær tvær mynda nokkurs konar ramma utan um hinar sögurnar sem allar gerast í Norður-Ameríku. Sögurnar virðast rekja sig áfram í tímaröð frá því á nítjándu öld, einhvern tíma fyrir Vesturferðirnar, og allt þar til kanadískur afkomandi Jóns Arasonar hefur snúið aftur til lands forfeðranna á seinni hluta tuttugustu aldarinnar, en í sögulok gengur hún í sjóinn við Ægisíðu. Þessar sögur sýna hlutdeild Kristjönu í endurskoðun á viðteknum gildum og hefðum, en ég mun nú skoða nánar eina þeirra, söguna „Guest“ (Gestur),⁸ sem forvitnilegt dæmi um það hvernig skrif Kristjönu leika á mörkum skapandi og fræðilegra vinnubragða, afritunar og frumsköpunar, þýðingar og aðlögunar, og tala tveimur tungum til mismunandi lesendahópa.

2. Annarleg kanadísk saga

Sagan „Guest“ er unnin með svipuðum hætti og aðrar sögur í *The Axe's Edge* en í formála skýrir Kristjana frá því að sögurnar séu afrakstur mikillar heimildavinnu og bókin sé tilraun hennar til að hlusta eftir því hvernig kanadísk saga hljómi með tilliti til þess að tungutak stórs hluta þjóðarinnar eigi uppruna sinn annars staðar en í Kanada (bls. 2). Hún segist hafa leyft efniviðnum sem hún gróf upp að rata í búning við hæfi þegar hún fléttaði aðfengnu efni við stoðgrind frásagnarinnar sem ber söguna uppi – eins og uppistaðan sem fyrst er hnýtt í hring í botni tágakörfu (bls. 1–2), en körfugerð var eitt helsta handverk sem indíánakonur gátu nýtt sér til tekjuöflunar í samskiptum við hvíta innflytjendur. Umfram allt segist

⁷ Ástráður Eysteinnsson, „Tveir textar, þrír textar“, *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun H. Í., 1996, bls. 173–222.

⁸ Kristjana Gunnars, „Guest“, *The Axe's Edge*, bls. 37–44. Hér eftir verður vísað til þessarar heimildar með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

Kristjana þó hafa unnið í anda lýsingar Josephs Conrads á sköpunarlist rithöfunda sem hann taldi mega líkja við björgunarstarf sem unnið er í myrkri og á móti vindi (bls. 2–3). Frásagnargerð hennar er því mjög blönduð og þar með í samræmi við það meginþema hennar og póstmóderníska afstöðu að rjúfa þurfi hamlandi mörk og sundurgreiningu því veruleikinn sé margslunginn – ekki samsettur úr einföldum andstæðum.

Uppistöðuna í mörgum sögunum í *The Axe's Edge* má finna í þremur bókum um sögu Nýja Íslands sem Þorleifur Jóakimsson (Jackson) gaf út en *Brot af landnámssögu Nýja Íslands* (1919)⁹ var fyrsta bókin um þetta landnám. Að hluta er efnið frumsamið af Þorleifi en í bækurnar safnaði hann einnig saman og birti óbreytt efni sem landnámsmenn Nýja Íslands höfðu áður skráð og jafnvel birt í blöðum og tímaritum sem héldu byggðasögum til haga frá fyrstu tíð og lögðu þar með traustan grunn að vestur-íslenskri sögu-ritun. Bækurnar eru nokkuð dæmigerðar fyrir þá frásagnargerð sem einkennir landnámssögur Íslendinga vestanhafs og austan; þær snúast mest um ættfærslur og afrekaskrár einstaklinga – fyrst og fremst karlmannna – en endurspeglar jafnframt sameiginleg gildi og markmið þeirra sem félagshóps.

Einn þáttur í bókum Þorleifs sker sig þó verulega úr, en það er „Póstferða-saga Hálfðans Sigmundssonar, frá landnámstíð Nýja Íslands, rituð af honum sjálfum“¹⁰ sem ber svipmót helgisögu. Hálfðán lýsir því hvernig hann bjargaðist með yfirnáttúrulegum hætti frá því að verða úti í hrakningaferð yfir ísilagt Winnipegvatn í fimbulfrosti, niðamyrkri og blindhríð þegar hann starfaði sem póstur fyrir byggðir Nýja Íslands á árunum upp úr 1880. Þessi sjálfsævisögulega frásögn er uppistaðan í sögunni „Guest“.

Hálfðán hljóp jafnan við fót á milli staða með póstpokann á bakinu; honum var létt um að hlaupa þótt ferðirnar væru oft erfiðar en hann lagði ávallt áherslu á að vera yfirvegaður, spara kraftana og svitna ekki því annað var glapræði. En svo fór þó að Hálfðán

⁹ Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Brot af Landnámssögu Nýja Íslands*, Winnipeg: Columbia Press, 1919. Í kjölfar þessarar bókar gaf Þorleifur út tvær bækur með viðbótarefni um landnám Nýja Íslands: *Frá Austri til vesturs*, Winnipeg: Columbia Press, 1921, og *Framhald á landnámssögu Nýja Íslands*, Winnipeg: Columbia Press, 1923.

¹⁰ Hálfðán Sigmundsson, „Póstferða-saga Hálfðans Sigmundssonar, frá landnámstíð Nýja Íslands, rituð af honum sjálfum“, *Brot af Landnámssögu Nýja Íslands*, Þorleifur Jóakimsson (Jackson) tók saman, Winnipeg: Columbia Press, 1919, bls. 41–43.

örmagnaðist í sunnanstormi sem blés í fangið með „hríð og heiftar frosti“ þegar hann átti drjúgan spotta eftir frá Sandy Bar yfir ísлагt vatnið, að Gimli.¹¹ Hann „hné niður af þreytu“, bað bæn sem móðir hans hafði kennt honum á barnsaldri og „virtist [hafa] sofnað“ en hrökk svo upp til meðvitundar við að heyra kallað: „Sjáðu ljósið!“ Hann reis á fætur en þar sem buxurnar voru frosnar í eina stífa íshellu þá braut hann klakann með krepptum hnefunum til að geta gengið, sá að rofað hafði til og hraðaði sér í átt að luktarljósi sem brá fyrir framundan honum eitt augnablik en það leiddi hann rétta leið í húsaskjól.

Lífsbjörg Hálfðans er sannarlega kraftaverk en áleitnustu þættirnir í frásögn hans eru samt óbifandi og æðrulaus trú hans á guðlegan verndarmátt og jafnóbifandi ást hans á konu sinni. Þegar vinur hans á Sandy Bar taldi það vera „óvit“ að halda áfram til Gimli svaraði Hálfðán: „Kvað eg það mundi satt vera, en trú mín væri sú, að drottinn gæfi mér þrek til að yfirvinna alla örðugleika, og lítið væri það harðara á mér en fyrir elsku konuna mína heima, að hirða gripi okkar og hita upp húsið og sjá um börnin“.¹² Hálfðán felur sálu sína í Guðs hendur með bæn áður en hann sofnar, bæði úti á ísnum og fyrir svefninn þegar í hús kemur, og því liggur beinast við að álykta að Hálfðán hafi verið bænheyrður. En í lok frásagnar verða mörkin milli Guðs og eiginkonunnar aftur á móti nokkuð óljós. Hann segir:

Að endurkalla í huga minn, hve glaður ég varð, þegar ég úti á Winnipeg-vatni sá ljósið á landi, sem lýsti mér til manna bygða er mér ávalt kært. Þó er mér enn kærara að endurkalla í hugann, hvað vel konan mín fagnaði mér, þegar ég kom heim. Kærleiksljós hennar hefir á okkar samverutíma lýst sálu minni og mun lýsa til æviloka.¹³

Hálfðán kemst lífs af með því að reiða sig ekki einungis á sjálfan sig – eða alfarið á Guð og lukkuna, og ekki aðeins á heilbrigða skynsemi – eða eðlisávísun eina saman; hann treystir á bland

¹¹ Sama rit, bls. 42.

¹² Sama rit, bls. 42.

¹³ Sama rit, bls. 43.

beggja. Eflaust hefur þessi óræðni í sögu Hálfðans hjálpað til við að kveikja hugmynd Kristjönu að sinni sögu en ljóst er í bók Þorleifs að þessi helgisaga skipar mikilvægan sess sem vitnisburður um að allar góðar vættir hafi haldið áfram að vaka yfir brottfluttum landsmönnum á Nýja Íslandi.

Sagan „Guest“, skrifuð um 100 árum eftir að Hálfðán Sigmundsson hraktist á ísnum, er í grunninn nokkuð nákvæm ensk þýðing Kristjönu á frásögn hans í *Broti af landnámssögu Nýja Íslands*, „rituð af honum sjálfum“ eins og segir í fyrirsögninni. Hún kallar því óneitanlega á spurningar um það hver sé í raun höfundur sögunnar. Getur Kristjana talist höfundurinn með réttu eða er hún sek um ritstuld? En frá hverjum? Það er Þorleifur Jóakimsson (Jackson) sem er titlaður höfundar bókarinnar, en ekki Hálfðán, sem er þó skilmerkilega tilnefndur sem höfundur í fyrirsögninni. Þar að auki þarf lesandinn að skilja íslensku og bera kennsl á söguna sem upprunna úr heimild um landnám Nýja Íslands til að átta sig á því að hve miklu marki sagan er þýdd en ekki frumsamin, sem getur verið þónokkuð snúið ef til þess er litið úr hversu ólíkum áttum efnið er aðfengið.

Það sem er óvanalegt í þessari og fleiri sögum í *The Axe's Edge* er aftur á móti hversu skilmerkilega Kristjana kvittar fyrir aðfengið efni í sjálfum textanum. Eins og allar aðrar sögur í *The Axe's Edge* er þessi greinilega merkt aðalpersónunni, því að skör ofan við heiti smásögunnar, „Guest“, stendur „*Halfðán Sigmundsson*:“ (upprunaleg leturbreyting) en tvípunkturinn gefur til kynna að sagan sé annaðhvort sögð af honum eða sé um hann. Smávægileg breyting á nafni Hálfðans í *Halfðán* aðgreinir einstaklinginn frá sögupersönu Kristjönu en lagar nafnið um leið að enskri tungu í hálf-gerðri endurheimt á upprunalegri stafsetningu og merkingu nafnsins, sem þýðir „hálfur Dani“. Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson útskýra þetta í *Nöfnum Íslendinga*: „Nafnið er sett saman af forliðnum Hálf- „hálfur“ og viðliðnum -dan „Dani“, merkir eiginlega „hálf-Dani, danskur í aðra ættina““; *Hálf-dan* er upprunaleg orðmynd en breyttist í *Hálf-dán* þegar leið á tuttugustu öld.¹⁴ Með rithætti sem lagar sig að enskri

¹⁴ Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, [Reykjavík]: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, 1991, bls. 283. Sjá einnig leitarorðið „Hálfðán“ á *Snara*. *Vefbókasafn*: <http://snara.is/vefbaekur/g.aspx?dbid=36&sw=H%C3%A1lf%C3%A1n&btn=Leita&action=search&b=x> [sótt 26. júlí 2009].

tungu, *Half-dán*,¹⁵ gerir Kristjana nafnið að nýjum blendingi sem er við hæfi þar sem hún er sjálf hálfur Dani, dönsk í aðra ættina.

Kristjana dregur semsagt enga dul á að hún fái að láni, heldur fer hún að dæmi kanadíska höfundarins Timothy Findley (1930–2002), sem gerði eina frægustu ljóðapersónu Ezra Pounds, Hugh Selwyn Mauberley í samnefndu ljóði (1920), að aðalpersónu í skáldsögu sinni *Famous Last Words* (1981). Findley staðhæfði að ritstuldur væri einfaldlega syndsamlegur, en þjófnaður á efni frá öðrum höfundum væri í stakasta lagi svo fremi sem nafn förnarlambins væri hrópað af húspökum og höfundurinn hefði nægilegt ímyndunarafli til að grípa umfram þjóftekið efnið og setja það í nýtt samhengi.¹⁶ Í stað þess að nafns upprunalegs sögumanns sé alls ekki getið eða að það birtist í smáu letri í neðanmálsgrein hjá Kristjönu, að hætti fræðimannsins, er það stórletrað efst á blaði og Halfdán er aðalsöguhetjan í sögunni „Guest“.

3. Endurheimtur

Sögumaður Kristjönu og helsti túlkandi er hinsvegar dóttir Halfdáns, Anna, og það er afar mikilvæg kúvending á sjónarhorni. Halfdán nefnir engan úr fjölskyldu sinni í upprunalegri frásögn í bókinni um Nýja Ísland, nema konuna sína elskulega sem sér um börn og bú og tekur bónda sínum eilíft fagnandi að ferð lokinni. Það er ekki Halfdán heldur Þorleifur Jóakimsson sem segir í *Broti af landnámssögu Nýja Íslands*: „Halfdán telur ætt sína til Jóns biskups Arasonar í 11. lið“.¹⁷ Í smásögu Kristjönu rekur Anna aftur á móti ættfærslur Þorleifs: hún byrjar á að kynna sig sjálfa, svo móður sína Solveigu og loks föður sinn Halfdán; þá segist hún hafa átt sjö systkini um ævina en að lokum nefnir hún Valdimar bróður sinn. Þorleifur segir þrjú börn Halfdáns og Solveigar af átta hafa lifað, þau Önnu, Valdimar og Jóhönnu.

¹⁵ Í enskri þýðingu yrði nafnið *half-Dane*.

¹⁶ Kristjana Gunnars, „Transcultural Appropriation. Problems and Perspectives“, *Stranger at the Door. Writers and the Act of Writing*, Waterloo, Ontario: Wilfrid Laurier University Press, 2004, bls. 43–53; hér bls. 43–46.

¹⁷ Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Brot af Landnámssögu Nýja Íslands*, Winnipeg: Columbia Press, 1919, bls. 40.

Og því fer aftur fjarri að hún sé ein til frásagnar, heldur vitnar hún ýmist í Valdimar bróður sinn eða Solveigu móður sína, og ljær þessum fjölskyldumeðlimum úr þurri upptalningu Þorleifs rödd og sjálfstæða sýn sem kallast á við orð og gerðir föðurins. Anna skýrir, ræðir, íhugar og endurskoðar atburðarásina í sögu föður síns frá sjónarhorni sínu og annarra og hrekur jafnvel sínar eigin staðhæfingar í upphafi frásagnar um að fjölskyldan sé sammála um að Hálf dán sé of flíldjurfur á ferðum sínum.

Auk þess að flétta þýðingu sinni á ættfræði-innleggi Þorleifs inn í smásöguna „Guest“ skeytir Kristjana inn í frásögn Önnu af hrakningum föður síns völdum köflum úr Þjóðháttabók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili¹⁸ svo að úr verður frásagnarlegur bútasumur eða flétta þar sem auðvelt er að bera kennsl á frumtextana hverju sinni, ef maður þekkir þá á annað borð; hvort heldur er ágríp Þorleifs af ættum og ævi Hálf dás, frásögn Hálf dás sjálfs af háskaförinni, rituð eigin hendi, eða viðbættar upplýsingar um íslenska Þjóðtrú frá Jónasi. Drýgst fær hún að láni frá Jónasi úr kaflanum „Gestur kemur á bæ“,¹⁹ sem greinir frá fyrirboðum, fylgjum og ýmiss konar annarri Þjóðtrú varðandi gestakomur, eins og að kettir setji upp gestaspjót, að gestaflugur erti fólk og að hundar verði fyrstir varir fyrirboða, en hún kvittar fyrir lánið með heiti sögunnar: „Guest“.

Í upprunalegri frásögn leitast Hálf dán ekki á nokkurn hátt við að skýra röddina sem vakti hann til lífsins, né heldur luktarljósið sem leiddi hann úr lífsháskanum, heldur eftirlætur hann lesandanum endanlega túlkun. Ljóst er þó að Hálf dán á lífgjöfina að þakka kraftaverki, annað hvort með bænheym eða með einhverjum öðrum yfirsíkvitlegum hætti, en Anna leggur þann fornnorræna heiðna skilning í ljósið að þar hafi farið fylgja hans og vísað honum veginn. Auk þessa sækir Kristjana til Jónasar efni um trúarlíf Íslendinga og er þar á meðal kaþólsk bæn sem hún leggur Hálf dani í munn²⁰ en sú bæn er meðal margra bæna sem Jónas tilgreinir að hafi viðhaldist þrátt fyrir siðbreytinguna. Anna lýsir föður sínum sem „einfaldlega uppfullum af trú“ („simply full of faith“) og rekur hvernig forfeðurnir á Íslandi báðu bænir frá fótaferð til svefnmála en ljóst er af frásögn hennar að í raun ægði saman

¹⁸ Jónas Jónasson, *Íslenzkir Þjóðhættir*, Reykjavík: Ísafold, 3. útg., 1961.

¹⁹ Samar rit, bls. 224–229.

²⁰ Kristjana Gunnars, *The Axe's Edge*, bls. 41 og 44; Jónas Jónasson, *Íslenzkir Þjóðhættir*, bls. 375.

kapólskum bænum og lúterskum, kristnum venjum og heiðnum í íslensku trúarlífi, eins og glöggt kemur fram í bók Jónasar. Kristjana nýtir sér með öðrum orðum rödd Önnu sem sögumanns og túlkanda til að rekja meginþættina þrjá sem höfðu samtvinnast í eina órofa heild í íslensku trúarlífi – heiðni, kapólsku og lútersku.

Kristjana þýðir því ekki aðeins reynslu- og átakasögu Hálfðans Sigmundssonar úr sögubókinni um Nýja Ísland, heldur þýðir hún jöfnum höndum og túlkar heildstætt það menningarsamhengi sem sagan sprettur úr. Sagan er sögð frá ytra sjónarhorni konu sem túlk- ar og tengir reynslusöguna hlutlægt, en einnig af skilningi, því hún setur hana í víðara samhengi við þá menningarsýn og -gildi sem ríkjandi voru á tímum Vesturferða og langt fram eftir tuttugustu öld. Þetta samsetta sjónarhorn sem Kristjana kallar fram í gegnum Önnu svipar mjög afgerandi til skilgreiningar sem Homi Bhabha fékk að láni frá Claude Lévi-Strauss á þeirri menningarlegu tvísýn sem hann taldi nauðsynlega ef menningargreining ætti að teljast marktæk, og nefndi „þriðja svæðið“ eða „þriðju víddina“ (e. *third space*), sem er beggja blands, svipað skilgreiningu Ástráðs Eysteinnssonar á „þriðja textanum“.²¹

Það er frábær þýðingarlausn hjá Kristjönu að nota samskeyting- artækni (e. *pastiche*),²² til að koma á framfæri þeirri menningar- bundnu sýn sem maraði í kafi en stýrði engu að síður vitund og túlkun íslenskra landnámsmanna í Nýja Íslandi. Kristjana færir í orð ýmsar þær kerlingabækur sem gátu verið undirliggjandi í vit- und og umræðum manna í milli um lífsbjörg Hálfðans en fengu þó ekki að skjalfestast í opinberri orðræðu íslenskra Kanadamanna. Í meðferð Kristjönu verður frásögn Hálfðans að uppskafningi þar sem eldri, undirskipuð orðræða um dulræn fyrirbrigði er endur- heimt, en helsti heimildarmaður Önnu um dulræn efni – kerlinga- bækur (e. *old wives' tales*) – er Solveig móðir hennar. Helga Kress

²¹ Homi K. Bhabha, „Tvístrun þjóðarinnar“, ritstj. Ólafur Rastrík, þýð. Steinunn Haraldsdóttir, *Ritið* 5(2)/2005, bls. 194–195. Sjá þessa og aðrar greinar í bókinni *The Location of Culture*, London, New York: Routledge, 1994.

²² Sjá skilgreiningu Lornu Sage í *A Dictionary of Critical Terms*, ritstj. Roger Fowler, aukin og endurbætt útg., London: Routledge/Kegan Paul, 1987, bls. 173–174. Sjá einnig John Anthony Cuddon og Claire Preston, *A Dictionary of Literary Terms and Theory*, 4. útg., Oxford: Penguin, 1998, bls. 644. Sjá nánar um mikilvægi *pastiche* í póstmóðernískum skrif- um undir leitarorðinu „Postmodernism“ á vefsíðu L. Kip Wheeler, *Literary Terms and Definitions*, http://web.cn.edu/kwheeler/lit_terms_P.html, 1998–2009, [sótt 6. júlí 2009].

bendir á í bókinni *Máttugar meyjar*²³ að hugtakið uppskafningur (e. *palimpsest*) vísar til handrita sem skafin voru upp og árituð að nýju en upphaflega handritið má þó að einhverju leyti kalla fram aftur og gera læsilegt með nútímataækni.²⁴ Í skýringum Helgu kemur m.a. fram að Sandra Gilbert og Susan Gubar hafi notað hugtakið í yfirfærðri merkingu um þaggða rödd kvennameningar í *The Madwoman in the Attic* (1979) en hugtakið henti vel til að lýsa því hvernig ríkjandi menning verður víkjandi og er þöggðu af annarri menningarhefð sem yfirtekur hana.²⁵

Athyglisvert er að kerlingabækurnar sem Anna bætir við í sögunni eiga í afar írónískri samræðu við hefðbundna hejtu mynd karlmennskunnar, án þess þó að minnka hlut hennar á nokkurn hátt. Sá menningarbræðingur sem Kristjana dregur upp mynd af er í fullu samræmi við skilning okkar sjálfra, í það minnsta fram að þessari öld. En hvernig getur það farið saman að Kristjana segist vera að gera tilraunir með að leyfa kanadískri rödd að hljóma óhindrað og að þessi og fleiri sögur í *The Axe's Edge* eru meira og minna samskeyttar þýðingar úr sögupáttum um Nýja Ísland og þjóðtrú gamla Íslands? Svárið er væntanlega að þótt efnið sé að sönnu „innflutt“ frá gamla og Nýja Íslandi í ensk-kanadískt tungutak þá er hvorki „Guest“ né aðrar sögur Kristjönu í *The Axe's Edge* einungis um (Vestur-)Íslendinga, heldur vísa þær jafnframt út fyrir íslenska sögu og arfleifð.

4. Aðlögun

Þýðing sem er jafn samsett og sagan „Guest“ hlýtur að vera komin yfir ákveðin mörk í sköpunarferlinu og teljast „aðlögun“. Sagan ber reyndar óræk merki aðlögunar, en eins og Linda Hutcheon bendir á í bók sinni *A Theory of Adaptation* (2006) hefur hugtakið aðlögun þrennskonar merkingu. Í fyrsta lagi vísar orðið í ferli þar sem saga eða frásögn er löguð að nýjum miðli eða birtingarmynd, en í öðru lagi í afurð þess ferlis, t.d. þegar saga sem upphaflega var flutt í kvæði, skáldsögu, smásögu, eða myndasögu á bók er endursögð í kvikmynd, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum, leiksviði eða ein-

²³ Helga Kress, *Máttugar meyjar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993.

²⁴ Sama rit, bls. 15.

²⁵ Sama rit, bls. 190 n6–7, bls. 15.

hverjum öðrum miðlum sem ekki eru bókfastir, eða jafnvel færðir aftur til bókar í breytttri mynd, og umfram allt með breyttum áherslum og túlkun.²⁶ Hutcheon telur að endurgerð uppfylli einfaldlega ekki skilyrði aðlögunar nema þegar hún er um leið skapandi endurtúlkun sem stendur undir sér án stuðnings upprunalega verksins. Þriðja merking aðlögunar að mati Hutcheon felst í viðtöku verksins, þar sem textatengsl veita þá sérstöku ánægju sem gefst þegar við berum kennsl á frumverkið en njótum samtímis frávikanna sem gæða nýja verkið nýju lífi. En þá er ónefnd sú merking orðins sem vísar til menningaraðlögunar, sem er jafnframt undirstaða þýðinga og aðlagana, sem nú mun verða gerð skil.

Bandaríkin og Kanada eiga það sameiginlegt að vera að stofninum til fjölþjóðleg og fjöltýngd innflytjendasamfélög þar sem ensk tunga og menning náðu yfirhöndinni, en yfirlýst menningarstefna þjóðanna hefur verið býsna ólík. Í bandarísku samfélagi er yfirlýst markmið að hræra fjölbreytta og ólíka menningarstrauma í einn tiltölulega einsleitun bandarísku þjóðarbræðing (e. *melting pot*)²⁷ en í Kanada var hugmyndin um mósaík-mynd höfð að leiðarljósi í opinberri menningarstefnu (e. *cultural mosaic*) allt þar til hugtakið um fjölmenningu tók að leysa hana af hólmi í opinberri stefnumótun á níunda áratug tuttugustu aldar.²⁸ Bandaríska deiglan og kanadíska mósaíkið eru því hvort tveggja blendingshugtök en lögmálin sem liggja þeim til grundvallar eru þó allt önnur því í mósaíkmynd er hver flís eða myndbrot sérstakt og aðgreinanlegt þótt það sé fyrst og fremst nauðsynlegur hluti af heildarmyndinni.

Fram til ársins 1947, þegar frumvarp um kanadíska þegnrett öðlaðist gildi, voru Kanadamenn þó einfaldlega breskir þegnar;

²⁶ Linda Hutcheon, *A Theory of Adaptation*, New York; London: Routledge, 2006, bls. 7–9.

²⁷ Laura Laubevoá, „Melting Pot vs. Ethnic Stew“, í *Encyclopedia of The World's Minorities*, ritstj. Carl Skutsch, 2. bindi, New York, London: Routledge, 2004. Sjá færslu á vefslóð höfundar: <http://www.tolerance.cz/courses/texts/melting.htm>. Hugtakið „melting pot“ er rakið til frægar bókar Michel-Guillaume-Saint-Jean de Crèvecoeur (1735–1813), *Letters from an American Farmer* (1872) sem hann birti undir höfundarnafninu J. Hector St. John. Sjá nánar um hann í *Encyclopædia Britannica. Encyclopædia Britannica Online*. Encyclopædia Britannica, 2010, á slóðinni <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/142841/Michel-Guillaume-Saint-Jean-de-Crevecoeur> [sótt 18. desember 2010].

²⁸ John Murray Gibbon (1875–1952) fannst bræðslupotts-hugmyndin vera byggð á menningarlegu ofríki og taldi vænlegra að viðhalda menningarlegum tengslum innflytjenda við upprunann í bókinni *Canadian Mosaic* (1938), en hún lagði grunninn að opinberri menningarstefnu Kanadamanna.

allt fram til 1970 var þess vænst í kanadísku regluverki að landsmenn allir, frumbyggjar jafnt sem innflytjendur, tileinkuðu sér ensk-kanadíska siði og viðhorf.²⁹ Það var því töluverður þrýstingur á innflytjendur og frumbyggja, hvaðan sem þeir komu, að aðlaga sig svo fullkomlega að bresk-kanadískum siðvenjum og hugsun að frávik væru lítt eða ekki sýnileg. Á sjöunda áratugnum hófst gagnmerk endurskoðun á kanadískum mann- og þegnréttindum, sem efldist sífellt þar til fjölmenningarstefna var innleidd opinberlega árið 1988, en markmið og leiðir hennar eru stöðugt til umræðu og endurskoðunar með virkri þátttöku kanadískra rithöfunda og menntamanna. Kristjana var meðal þeirra fjölmörgu sem höfðuðu alfarið þeirri hugmynd að menningarleg aðlögun skyldi öll ganga í eina átt, til samræmis við hegðun, eiginleika og færni sem hafði sprottið upp úr valdbeitingarkerfum eins og nýlendurekstri og karlaveldi.

Diane Brydon telur t.d. að *The Prowler*, bók Kristjönu sem kom út sex árum eftir *The Axe's Edge*, sé gott dæmi um að í kanadískum bókmenntum feli póstmóðernísk afbygging og fjölhyggja ekki í sér fælni frá því að taka menningarpólítíska afstöðu, heldur komi fram skýr krafa Kristjönu um endurmat á mannlegum hvötum og endurheimt á menningarlegum gildum sem hafa verið gerð tortryggileg, hunsuð eða kæfð, skilgreind sem kvenleg eða útúrboruleg.³⁰ Brydon finnst framsetning og túlkun Kristjönu á Íslending-

²⁹ Michael Dewing, *Canadian Multiculturalism*, endurskoðuð útg. 15. sept. 2009, Ottawa: Parliamentary Research Branch, Political and Social Affairs Division, bls. 1–10. Má nálgast á slóðinni <http://www.parl.gc.ca/information/library/PRBpubs/936-e.pdf> [sótt 18. desember 2010].

³⁰ Diane Brydon, „The White Inuit Speaks. Contamination as Literary Strategy“ í *Past the Last Post. Theorizing Post-Colonialism and Postmodernism*, ritstj. Ian Adam og Helen Tiffin, Calgary: University Of Calgary Press, 1990, bls. 191–203. Greinin hefur m.a. verið endurútfengin í *The Post-Colonial Studies Reader*, ritstj. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, New York: Routledge, 1995. Greinin er fyrst og fremst hörd gagnrýni á staðhæfingar Lindu Hutcheon á níunda áratugnum (þá helsti sérfræðingur Kanadamanna um póstmóðernisma) um að ríkjandi sjónarmið og gildismat meirihlutans í Kanada hafi ekkert tengst við hugmyndakerfi annarra menningarhópa, og frumbyggjar einir gætu gert tilkall til hreinræktaðs nýlenduástands. Brydon telur evrópsk viðmið glepja Hutcheon sýn. Titill greinar Brydon kallast kankvislega á við viðfræga og feikilega umdeilda bók eftir John G. Neihardt, *Black Elk Speaks* (1932), en höfundurinn sætti tortryggni og gagnrýni fyrir að hafa farið frjállega með þýddar, endursagðar og umritaðar endurminningar Sioux indíánans Black Elks (1863–1950). Bók Neihards er orðin táknmynd blandaðrar orðræðu því ógerlegt er að greina hvar/hvort rödd hvíta rithöfundarins er aðskilin frá Black Elk, en þar að auki telst hún dæmi um það hvernig hvítir menn hafa rænt frumbyggja sagnaarfi sínum og imynd, og haft að féþúfu í skrumskældum, einfölduðum útgáfum sem uppfylltu væntingar hvítra lesenda.

um sem menningarlegum blendingjum, hvítum inúítum (e. *White Inuit*), sýna með sérlega skýrum hætti nauðsyn þess að gagnkvæmt „smit“ verði á milli staðnaðra hugmynda, t.d. um að inúítar standi ávallt saklausir en séu um leið valdalausir og varnarlausir gagnvart hvíta manningum, en hins vegar um að hvíti maðurinn sé alltaf sá sem valdið hefur og sé ávallt siðspilltur.

Í huga Kanadamanna má í grófum dráttum heimfæra heiðni eða trú á dulræna verund upp á frumbyggja Kanada, kaþólskuna upp á franska Kanadamenn en mótmælendatrúna upp á þá bresku. Varla er þörf á að fjölyrða um að ríkjandi valdahópi tilheyrðu þeir, samkvæmt klisjunni, sem voru hvítir, engilsaxneskir og mótmælendatrúar (e. *White Anglo-Saxon Protestant – WASP*) en veldistign kaþólikka í veldisskipaninni (e. *hierarchy*), og ekki síst Frakka, var fram eftir síðustu öld lítið hærri en frumbyggja, sem hafði verið skákað neðst í veldisstigann, skilgreindir sem óæðri. Kristjana lætur Önnu og Valdimar bróður hennar vera sammála um að best sé að forðast villu og hringsól í byl með því að þrír fari saman sem mætti vel skilja sem svo að best færi ef þessir þrír hópar sem hér voru nefndir og teljast stoðir kanadíks samfélags stæðu jafnfætis og væru samstiga – en það eru þó fyrst og fremst þau gildi sem þeir standa fyrir sem Kristjana leggur áherslu á að meta þurfi jafnt.

Ef klisjur um kynhlutverk eru heimfærðar á kanadísku „stofnþjóðirnar“ (e. *founding members/Charter groups*) svonefndu þá hafa karlmannleg gildi verið talin birtast í engilsaxneskum hefðum, en óæðri kvenleg gildi í þeim frönsku.³¹ En þessar staðalmyndir af kynhlutverkum afbyggir Kristjana líka. Solveig er hin umhyggjusama móðir og eiginkona sem Virginia Woolf og fleiri samtíðarkonur hennar kölluðu „Engil hússins“³² en hún hefur vak-

³¹ Sjá t.d. grein Pam Perkins, „Imagining Eighteenth-Century Quebec. British Literature and Colonial Rhetoric“ í *Is Canada Postcolonial? Unsettling Canadian Literature*, ritstj. Laura Moss, Waterloo, ON: Wilfrid Laurier University Press, 2003, bls. 151–161.

³² Sjá t.d. smásögu Charlotte Perkins Gilman, „An Extinct Angel“ (1891), endurútgefin í „*The Yellow Wall-Paper and Other Stories*“, ritstj. Robert Shulman, Oxford: Oxford UP, 1995. 48–50. Sjá einnig erindið „Professions for Women“ sem Woolf flutti árið 1931 en var fyrst útgefið að henni látinni í *The Death of the Moth and Other Essays* (1942); rafræna útgáfu má nálgast á <http://ebooks.adelaide.edu.au/w/woolf/virginia/w91d/chapter27.html>; báðar höfnuðu staðalmyndinni af engli hússins sem ávallt er reiðubúin til sjálfsfórna á þeirri forsendu að hún væri ógn við velferð kvenna. Madame Ratinolle, holdgerður engill hússins í skáldsögu Kate Chopin *The Awakening* (1899), er aftur á móti öllu óræðari túlkun, en Kristjana kallast á við sögu Chopin í endalokum *The Axe's Edge* þegar söguhetjan gengur í sjóinn eftir að hafa háð

andi auga með því að öryggi Halfdáns sé tryggt og telur áhættuna við póstburðinn ekki peninganna virði þótt þröngt sé í búi. Þótt Solveig sé holdgervingur kvenlegra dyggða þá bætir hún við sig hefðbundnu karlhlutverki og sér um búið og heggur í eldinn þegar Halfdán er fjarri. Að sama skapi sýnir Halfdán hefðbundna karlmennsku og djörfung en jafnframt alla þá „kvenlegu“ fórnfýsi, hógværð og viðkvæmni sem best getur prýtt Engil hússins. Þeir sem fyrst byggðu land í Ameríku fá viðurkenningu sem *First Nations* en teljast aftur á móti ekki meðal þeirra þjóðarbrotu sem stofnuðu kanadískt samfélag heldur er þeim samkvæmt venju stillt upp sem andstæðum við tvenndaparið í foreldra-klisjunni og þeir eru sýndir sem bernskir – ófórráða – en jafnframt frumstæðir og jafnvel dýrslegir.

Kristjana nýtir frásögn Önnu og túlkun á Halfdáni til að leysa þessar andstæður upp, en í lýsingum Önnu á öryggisatriðum varðandi vetrarferðir föður síns barnar Kristjana frásögn Halfdáns all verulega. Hún fléttar inn kanadískum veruleika til að skerpa á þeirri hugmynd að lífsnauðsyn sé að kunna að bjarga sér í óbyggðum með traustri blöndu af þekkingu, hugkvæmni og dýrslegu innsæi frumhvattanna. Anna dregur upp mynd af öllum þeim erfiðleikum og hættum sem póstferðunum fylgja allan ársins hring og tefja för með mismunandi hætti en Halfdán tíundaði ekkert slíkt í sinni frásögn. Þegar Anna íhugar aðstæður verður henni hinsvegar ljóst að flest sem ætla mætti að tryggði öryggi á ferð um ísilagt vatnið, eins og nesti, eldfæri, öxi, sólskyggni, og vatnshétt yfirbreiðsla, er í raun íþyngjandi og til trafala en Halfdán vissi að eina haldbæra öryggið væri að ferðast hratt yfir: eftir dýrastígum þar sem snjóléttast væri. Anna segir að hann losi alltaf um snjóþrúgurnar áður en hann stígur á ísinn, hafi hnífinn ávallt á sér utan við kuldastakkinn og gangi alltaf með gott stafprik til að sannreyna að klakinn haldi. Þá segir hún föður sinn hafa fundið upp hjá sjálfum sér aðferð til að setja saman sleða og snjóþrúgur úr birki án fyrirvara og hann gæti jafnvel fléttað sér bakpoka úr birkiberki, en svo hafi hann orðið sér úti um æðar-

innri baráttu um það hvort hún vilji eða geti varðveitt sjálf sitt gagnvart ytri kröfum um að hún aðlagist hugmyndum samfélags síns um hlutverk og hegðun kvenna. Ekki er ólíklegt að þarna vísi Kristjana írónskri í viðvaranir um að íslensk arfleifð myndi hverfa eins og dropi í hafid ef íslenskan glataðist vestanhafs þegar hún lætur afkomanda Halfdáns ganga óhikað í sjóinn frá Íslandsströnd því ljóst er að vitund um íslenskan uppruna var ekki fórnad með tungumálinu.

dúnsbrækur og ullarskyrtur til að halda betur á sér hita. Ekkert þessara fjölmörgu öryggisatriða nefnir Hálfván einu orði í endurminningum sínum í bók Þorleifs og hann hefur heldur ekki til að bera þá hæfileika til að nýta sér náttúruna sem Kristjana ljær persónunni Hálfváni í smásögunni. Úrið var það eina sem Hálfván hafði meðferðis í buxnavasanum en í frásögn sinni segir hann það hafa virst vera „fremur klakaköggull en úr“ þegar gestgjafar hans að Gimli hjálpuðu honum úr stíffrosnum fötunum.³³ Augljóst er að í þeim fjölmörgu hæfileikum sem Kristjana eignar söguhetju sinni sameinast tæknivit og náttúruþekking í órofa heild í stað þess að annað dugi án hins. Að sögn Önnu var úrinu næstum fargað af því að það virtist vera ísmoli, en ofurvald klukkunnar er jafnan talið eitt helsta einkenni vestrænnar tæknihyggju sem segir náttúrunni og lögmálum hennar stríð á hendur. Í skýringum á því hvað hafi orðið föður sínum til bjargar segir Anna að ætla mætti að hann hefði þefskyn á við eskimóahunda sem vita að stormur er í aðsigi, en staðhæfir svo að það hafi verið óhaggandi trú sem hafi orðið honum til bjargar (bls. 41).

Sagan „Guest“ endurspeglar gagnrýni Kristjönu á hefðbundna tvíhyggju og veldisskipan og teflir fram annarri sýn sem endurheimtir lífsgildi sem hafa verið fótum troðin. Hún minnir á að þessi lífsgildi skildu iðulega á milli lífs og dauða meðal landnema og frumbyggja á sléttunum sem skipt var niður í Manitoba-, Saskatchewan- og Alberta-fylki í lok níttjándu og upphafi tuttugustu aldar og gera enn. Frásagnaraðferðir og viðbætur Kristjönu miða sem sagt allar að því að endurskoða og afbyggja stöðnuð og úrelt tvenndarkerfi og veldislíkön þar sem ólík menningarbundin gildi eru sett fram sem ósættanlegar andstæður í stað þess að vera metin að verðleikum eftir aðstæðum hverju sinni. Flestum finnst fátt um að frumbyggjar hafi getað fléttað sér fjölbreytt ilát í gegnum aldirnar, en ef Hálfván sýnir þessa leikni þá fyllist maður lotningu yfir því hugviti og hæfni sem hann hljóti að hafa til að bera.

En sagan „Guest“ er margræð og býður upp á margvíslega táknræna túlkun. Hana má t.d. lesa sem hnyttna táknsögu um ögrandi en um leið skapandi verk þýðandans sem ber skilaboð á milli

³³ Hálfván Sigmundsson, „Póstferða-saga Hálfváns Sigmundssonar, frá landnámsíð Nýja Íslands, rituð af honum sjálfum“, bls. 43.

manna eins og pósturinn Hálf dán gerði yfir ísilagt Winnipeg vatn, oft við mótvind, og hvernig óvænt hugljómun getur leyft lausninni að birtast í sortanum þegar allt hefur verið gefið upp á bátinn.

Söguna má jafnframt lesa sem táknsögu um aðlögun, og þá er rétt að leggja áherslu á að atburðarás frásagnar Hálf dán er óbreytt í meðförum Kristjönu. En jafnvel þótt Kristjana geri ekkert annað en að fylla í frásagnareyður með stefjum úr þjóðsögum, færa líf í ættarsögu Hálf dán og leggja söguna í munn dóttur hans, þá umbreytist öll sagan við sérhvern þátt sem bætist við. Allir þættirnir mynda samfellu þar sem jafnvel úreltur þjóðlegur fróðleikur virðist hafa fundið stað við hæfi og hegða sér eins og vænta má af nútímalegri smásögu sem virðist um leið ævafor. Það er því aðal sagan sem virðist hafa aðlagast jaðar-efninu sem er þó eins og gestur í upprunalegu frásögninni. Það má því e.t.v. sjá hér hliðstæðu við innflytjendasamfélag, þar sem yfirbragð ríkjandi hóps umbreytist eftir því sem fleiri gestir bætast í hópinn, sökum þess að aðlögun er gagnvirkt ferli. Og fyrir harða andspyrnu indíána, kvenna, innflytjenda og annarra jaðarhópa hefur sannarlega þokast verulega í rétta átt.

Óefað er smásagnasafnið *The Axe's Edge* eitt helsta átak Kristjönu í að yfirfæra það menningarbundna samhengi sem hún taldi sig þurfa til að skiljast sem rithöfundur, eða þýða sjálfa sig á annað tungumál og í aðra sjálfsmýnd, eins og Ástráður Eysteinson kallar það í *Tvímælum*.³⁴ En með því að skrifa á mörkum þýðingar, fræðilegrar greiningar og skapandi túlkunar, í stað þess að skrifa aðskilda texta á þessum sviðum, nær Kristjana til viðtæks lesendahóps sem er fús til að lesa forvitnilegar smásögur en myndi aldrei nenna að lesa þýðingu eða fræðitexta um íslenska arfleifð. Það er því full ástæða til að taka undir með Kristjönu um að verkið megi skilja sem menningarlegt björgunarstarf, en eins og Hutcheon bendir á er það einn af athyglisverðustu þáttunum í bókmenntalegum aðlögunum að endurheimta, endurnýja og gera læsilegar sögur og sagnir sem annars myndu falla í glatkistu tímans.³⁵ Kristjana minnir á að menningarlegir túlkendur

³⁴ Ástráður Eysteinson, „Tveir textar, þrjú textar“, bls. 214–216.

³⁵ Linda Hutcheon, *A Theory of Adaptation*, bls. 8.

sýna jafnan tvö andlit og tala tveimur tungum, sem margfaldast eftir því sem textinn hvílir á fleiri menningarlegum og textafræðilegum landamærum.³⁶ Bók hennar getur þó ekki framkallað þessi blendnu áhrif aðlögunarinnar nema hjá þeim sem bera á einhvern hátt kennsl á íslensku frumtextana.³⁷

5. Sagan fléttuð upp á nýtt

Í sögunni „Guest“ og öðrum í smásagnasafninu *The Axe's Edge* fer Kristjana Gunnars óhefðbundnar leiðir í að þýða, aðlaga og endurskapa frásagnir af landflutningum Íslendinga til Nýja Íslands – að umrita íslenska menningu á ensku. Það er ögrun að ætla að túlka framandleik eigin menningar á nýju tungumáli og í nýju samhengi sem mistúlkar eða misskilur nema efnið sé á einhvern hátt sett í þekkt samhengi. Samfella ólíkra hugmynda sem skilgreindar eru sem ó- eða illsættanlegar í ensku samhengi, svo sem blanda heiðni, kaþólsku og mótmælendatrúar, eða blanda frumhvata og siðmennningar, er okkur Íslendingum svo töm að við gefum því ekki gaum, t.d. þegar við signum yfir leiði, að víða annars staðar í heiminum, eins og í Kanada, sést slíkt ekki nema meðal kaþólikka og telst því óráekt merki um trúarbrögð viðkomandi. Þetta samkrull hugmynda og hefða okkar Íslendinga, sem okkur finnst svo sjálfsagt, gengur í berhögg við aldagamla sannfæringu nýlendubjóðanna um að heiðni og kristni séu jafn ósættanlegar andstæður eins og frumstætt líferni við veiðar, annars vegar, og tæknilega framþróað borgarlíf hinsvegar, sem kemur t.d. fram í árekstrum vegna hvalveiða sem eru eingöngu takmarkaðar við frumbyggja vestanhafs.

Kristjana dregur fram í dagsljósið þær kerlingabækur sem opinber vestur-íslensk orðræða gekkst lengst af ekki við sökum þess að þær voru bendlaðar við indíána, konur og allt annað sem var frum-

³⁶ Kristjana Gunnars, „Transcultural Appropriation. Problems and Perspectives“, bls. 50–53.

³⁷ Í B.A.-ritgerð frá enskudeild H.Í. árið 1996, „In the Trail of Ghosts. Kristjana Gunnars' Improvements on History in *Settlement Poems 1 & 2* and *The Axe's Edge*“, rekur Dr. Anna Heiða Pálsdóttir hvernig Kristjana (endur)vann efni úr bókum Þorleifs Jóakimssonar (Jackson) í bókunum *Settlement Poems 1* og *2*. Hún vann ritgerðina m.a. úr vinnuskjölum og frumdrögum sem Kristjana hafði gefið íslenska safninu í Manitobaháskóla, en vel má vera að þar megi finna fullnaðarupplýsingar um þá frumtexta sem hún lagði til grundvallar skrifum sínum. Sjá slóð á heimasíðu hennar: http://www.ritlist.is/anna/ritstorf_ba_ritg.htm.

stætt, þaggað og kæft í bresk-kanadískri menningu. Kristjana afhjúpar hið undirskipaða sem marar í hálfu kafi í frumtexta Hálf-dáns. Í upprunalegri frásögn hans er aðeins ein túlkandi vitund. Í sögu Kristjönu talar Anna hinsvegar í nafni föðurins, sonarins, og móðurinnar. Móðurinni var opinberlega skákað út úr lúterskum sið þótt bænir til heilagrar móður legðust seint af hér á landi, enda átti sterk kvenímynd vafalítið djúpar rætur meðal norrænna manna í heiðnum hugmyndum um dísir, fylgjur og sjálfa hamingjuna – lukkuna.

Viðleitni Kristjönu til að endurheimta jákvætt gildi órökrænna þátta í mannlegu eðli, til jafns við þá sem eru skilgreindir sem jákvæð tákni um forfrömun og opinbert samþykki ríkjandi menningarhópa, er auðsæ allt frá hennar fyrstu bókum. Daisy Neijmann bendir á í bókinni *The Icelandic Voice in Canadian Letters*, sem veitir yfirlit yfir íslensk-kanadískar bókmenntir í samhengi við íslenska hefð og kanadíska þróun, að raddir sögumanna í *The Axe's Edge* hafi ekki mjög enskan blæ því að þeir fari ekki hratt yfir í vangaveltum sínum og séu langtum fúsari til að leggja trú á það sem er yfirskilvitlegt eða óskýranlegt en venja er meðal enskumælandi fólks, en segir þó augljósa breytingu hafa orðið þannig að hugmyndir um andleg efni frá gamla landinu séu ekki lengur feimnismál sem þurfi að skammast sín fyrir og dylja.³⁸ Neijmann bætir við að íslensk-kanadíski rithöfundurinn David Arnason hafi í ritdómi sínum verið fyllilega sammála Kristjönu um að kanadísk sagnagerð hljóti að hljóma svolítið útlendingslega.³⁹

Beiting Kristjönu á *pastiche*-frásagnaraðferðum, eða samskeytingu á mismunandi textum, aðfengnum og skálduðum, er því vel til þess fallin að túlka kanadíska „rödd“ – fjölmenningslega margröddun – sökum þess hve auðvelt er að sjá hvaðan hvert textabrot kemur, eins og í mósáikmynd, en þó er um leið ólíklegt að lesandinn greini samskeytin nema hann þekki til frumtextanna, enda er það heildarmyndin sem máli skiptir.

Kristjana þaggar ekki rödd eldri höfunda sem skrifuðu verk á íslensku, eins og Hálf-dáns Sigmundssonar, Þorleifs Jóakimssonar

³⁸ Daisy Neijmann, *The Icelandic Voice in Canadian Letters. The Contribution of Icelandic-Canadian Writers to Canadian Literature*, Carleton, Ontario: Carleton University Press, 1997, bls. 253, 344–345.

³⁹ David Arnason „Dislocations“, *Prairie Fire* 5(2)/1984, bls. 109–110.

(Jacksons), Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, og þeirra fjölmörgu annarra beggja vegna Atlantshafs sem eru meðhöfundar hennar að *The Axe's Edge*. Í stað þess vinnur hún sögu-fléttuna (listræna þáttinn að mati rússnesku formalistanna og seinni tíma frásagnarfræðinga) eins og körfu þar sem stoðþræðir og þverbönd birtast á víxl, en ótvíræða merkingarmiðju vantar, rétt eins og þegar tágakarfa hverfist um hringlaga eyðu. Fáir myndu draga í efa að hún noti raunsannar menningarsögulegar heimildir en um leið er ljóst með hvaða hætti hún dregur í efa sannleiksgildi sögunnar sem fléttan hverfist um – sögunnar sem hún hefur bjargað úr glatkistu íslenskrar tungu vestanhafs.

The Axe's Edge er án efa einna „íslenskast“ verka Kristjönu og ekki síst sagan „Guest“ þótt hún spretti upp úr sögu og sögusögnunum Nýja Íslands. Þetta getur byrgt lesendum sýn á að hún fjallar ekki einvörðungu um það sem virtist framandi og ankannalegt við íslenska menningu, séð frá bresk-kanadískum sjónarhóli á níunda áratug síðustu aldar, heldur dregur hún einnig fram að mannlegt eðli er fjölþættara og dularfyllra en vestræn menningarviðmið gera yfirleitt ráð fyrir og þurfi beinlínis að vera það til að unnt sé að komast lífs af við erfiðar aðstæður. Skrif Kristjönu spretta upp á óræðum mörkum mismunandi frásagnargerða, menningarheima og túlkunar, og eru óræk sönnun þess sköpunarkrafts sem ryðst fram þegar ankannalegir og ókunnuglegir straumar riðla gömlum regluverkum.

ÚTDRÁTTUR

Þýðing, sköpun, aðlögun?

Smásagan „Guest“ í *The Axe's Edge* eftir Kristjönu Gunnars

Meðal helstu einkenna póstmóðernískra verka er endurskoðun á bókmenntahefðum, frásagnaraðferðum, hugmyndum og gildismati og tilhneiging til að láta reyna á þensluþol og innbyrðis mörk. Þannig eru verk Kristjönu Gunnars, sem er íslensk en hefur skrifað á ensku allan sinn rithöfundarferil og búið lengst í Kanada. Kristjana er virtur, fjölhæfur og mikilvirkur höfundur, sem hefur hlotið margvíslega viðurkenningu fyrir frumleg og grípandi verk.

Einkennandi er að torvelt er að beita einhverju einu formgerðarhugtaki á verk hennar því að þau eru yfirleitt „blendingur“ en það fer eftir efniviði hvar hún leggur áherslu í formgerðareinkennum, efnistöfum og framsetningu.

Í *The Axe's Edge* (1983, Axaregginn) má glögglega sjá hvernig Kristjana Gunnars vinnur á margslungnum mörkum en bókin samanstendur af samtengdum smásögum. Fyrsta sagan virðist gerast á Íslandi, eins og sú síðasta, en þær tvær mynda nokkurs konar ramma utan um hinar sem allar gerast í Norður-Ameríku. Sögurnar sýna hlutdeild Kristjönu í endurskoðun eftirlenduhyggjunnar á viðteknum gildum og hefðum, en sagan „Guest“ (Gestur) er greind og rædd sem forvitnilegt dæmi um það hvernig skrif Kristjönu leika á mörkum afritunar og frumsköpunar, fræðilegra og skapandi vinnubragða, þýðingar og aðlögunar, og tala tveimur tungum til mismunandi lesendahópa þegar hún miðlar íslenskri menningararfleifð og sögu í vesturheimi í ensk-kanadíska samhengi.

ABSTRACT

Translation, Fiction, Adaptation? The Short Story “Guest” in *The Axe's Edge* by Kristjana Gunnars

The works of Kristjana Gunnars resist boundaries, as tends to be the case in postmodern works that test generic flexibility, questioning literary traditions, narrative methods, ideas and values. Gunnars is Icelandic but has written in English and lived in Canada for all of her writing career. She has gained recognition as a versatile and prolific writer and has been variously rewarded for original and compelling work.

The Axe's Edge (1983) is a collection of interconnected short stories that exemplifies Gunnars' valorization of hybridity, as well as her efforts to have the medium fit the message. The first and the last stories are set in Iceland and frame the rest of the stories, set in North America. I analyse one of the stories, “Guest”, as representative of her reconsideration of (his)story in the book as a whole. The story is a pastiche of identifiable cultural and historical

narratives, using a story from New Iceland as the narrative frame but weaving through it passages from a book on Icelandic folklore as well as Canadian nature lore. Gunnars, in other words, treats the basic story as palimpsest where (her)story needs to be recovered, balancing her writing upon the edge of rewriting and original composition, academic and creative methods, translation and adaptation, and speaking in different voices to different groups of readers when she disseminates Icelandic-Canadian history and culture, adding Icelandic voices to Canadian story.